

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012, Úthlíð.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 14. nóvember 2006 staðfest breytingu á aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012, frá 22. nóvember 2001.

Breytingin felst í því að svæði sunnan Þjóðveggar við Úthlíð sem nú er skilgreint sem landbúnaðarsvæði, svæði fyrir frístundabyggð og opið svæði til sérstakra nota breytist í blandaða landnotkun opins svæðis til sérstakra nota og svæðis fyrir frístundabyggð. Norðan Þjóðveggar breytist landnotkun úr svæði fyrir frístundabyggð, landbúnaðarsvæði og svæði fyrir verslun og þjónustu í svæði fyrir blandaða landnotkun frístundabyggðar, verslunar- og þjónustu, opins svæðis til sérstakra nota og íbúðarsvæðis.

Uppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Bláskógabyggðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 14. nóvember 2006.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*